

Nd.

504. Frumvarp til laga

[212. mál]

um jarðhitasjóð og jarðboranir ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960—1961.)

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist jarðhitasjóður. Hann er eign ríkisins, sem ber ábyrgð á skuldbindingum hans.

Tekjur sjóðsins eru:

- a. fé það, sem veitt er á fjárlögum hverju sinni,
- b. vextir af fé sjóðsins,
- c. tekjuafgangur, er kann að verða hjá jarðborunum ríkisins, þar með talinn endurgreiddur kostnaður af leit og borunum, sbr. 2. gr.

Jarðhitasjóður má taka að láni allt að kr. 50000000.00 til starfsemi sinnar.

2. gr.

Úr jarðhitasjóði má verja fé til vísindalegra rannsókna á eðli og uppruna jarðhita, til leitar að jarðhita með jarðfræðilegum og jarðeðlisfræðilegum aðferðum, til rannsókna og tilrauna við vinnslu jarðhita o. fl.

Úr jarðhitasjóði skal greiða kostnaðarhluta ríkisins af jarðborunum, samkv. 3. og 4. gr.

Þegar ráðizt er í framkvæmdir til hagnýtingar þess jarðhita, sem fundizt hefur við leit samkv. fyrstu málsgrein, eða unninn með borunum skv. 3. gr. og 4. gr., skal telja með stofnkostnaði mannvirkjanna þann hluta leitar- og borunarkostnaðar, sem greiddur hefur verið úr jarðhitasjóði eða ríkissjóði, og endurgreiða hann í jarðhitasjóð með áföllnum vöxtum.

3. gr.

Ríkisstjórnin lætur framkvæma jarðboranir eftir heitu vatni og gufu í rannsóknarskyni og til vinnslu víðs vegar um landið til hagnýtingar jarðhitans í hitaveitum til almenningsþarfa og til ræktunar, raforkuvinnslu og iðnaðar.

Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum frá jarðhitadeild raforkumálastjórnar, hvar borað er, en jafnan skal láta sitja í fyrirrúmi borun á þeim stað, eða þeim stöðum, þar sem vænta má, að verðmæti jarðhitans verði mest og komi fyrst að notum.

4. gr.

Með jarðborum ríkisins má jafnframt framkvæma jarðboranir fyrir sveitarfélög og einstaklinga, sem óska þess, eftir því sem því verður við komið og gegn greiðslu borkostnaðar. Ráðherra getur ákveðið, að hluti borkostnaðar sé eigi greiddur fyrr en mannvirkjagerð hefst til notkunar þess jarðhita, sem borað er eftir. Um þetta skal gerður samningur hverju sinni.

5. gr.

Raforkumálastjóri annast stjórn jarðhitasjóðs og reikningshald undir yfirm-sjón ráðherra. Jarðhitadeild gerir árlega fjárhagsáætlun fyrir sjóðinn, og skal hún send ráðherra svo snemma, að fylgt geti fjárlagafrumvarpi til Alþingis. Greiðslur úr sjóðnum skal inna af hendi samkvæmt fjárhags- og greiðsluáætlun, er ráðherra hefur samþykkt, eða að fenginni heimild ráðherra í hvert sinn.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn svonefndi norðurlandsbor, sem keyptur hefur verið samkvæmt ákvörðunum Alþingis og ríkisstjórnarinnar, er nú kominn til landsins. Eins og nafnið ber með sér er hann fyrst og fremst ætlaður til borunar norðanlands, en síðar verður að sjálfsögðu borað með honum víðar á landinu, þar sem ástæða þykir til að leita að og bora eftir jarðhita. Áætlað er, að árleg útgjöld vegna norðurlandsborsins verði um 5 millj. krónur, ef hann er í stöðugri notkun. Þau verkefni, sem nú eru fyrst og fremst höfð í huga, eru borun á Húsavík, á Námaskarði, í Ólafsfirði og við Akureyri. En víða er vottur jarðhita og þeir staðir því margir víðs vegar um landið, þar sem ástæða er til að framkvæma tilraunaboranir.

Vegna hins mikla kostnaðar við jarðboranir er þó sjálfsagt að nota í fyrstu ýmsar ódýrari aðferðir, sem þekktar eru, til leitar jarðhita, svo sem jarðfræðilegar athuganir og jarðeðlisfræðilegar mælingar. Tímabært er að auka þessa hlið jarðhitarrannsóknanna verulega frá því sem nú er, og er ástæða til að láta fara fram kerfisbundna leit með vísindalegum aðferðum, einnig í landshlutum, þar sem lítið ber á jarðhita, svo sem t. d. um Austurland.

Gufubor ríkisins og Reykjavíkurbæjar hefur nú starfað í full tvö ár. Með honum hefur verið borað í Reykjavík, að Suður-Reykjum, við Hveragerði og í Krísuvík. Á öllum þessum fjórum hitasvæðum er meira eða minna brýn þörf að halda borun áfram. Auk þess er full þörf að hefja að minnsta kosti rannsóknarboranir á öðrum gufusvæðum, svo sem Trölladyngju, Reykjanesi, Torfajökli, Kerlingarfjöllum o. s. frv. Árleg útgjöld við gufuborinn eru nú nær 20 milljónir króna, þegar hann er í stöðugri notkun.

Árangur hefur orðið góður af borunum gufuborsins bæði í Reykjavík og í Ölfusi. Reykjavíkurbær hefur þegar tekið í notkun meginhluta þess heita vatns og gufu, sem upp kom við boranirnar í Reykjavík. Til athugunar er að koma upp raforkuveri til að nýta gufu þá, er fengizt hefur á landi ríkisins í Ölfusi. Verði það gert ætti samkv. þessu frumvarpi, ef það verður að lögum, borunarkostnaður sá, sem þegar er orðinn og ríkið hefur greitt, að endurgreiðast í jarðhitasjóð, af fé því, sem til byggingar orkuversins verður aflað.

Borun með gufubornum á Suður-Reykjum og í Krísuvík hefur hins vegar til þessa ekki borið árangur og er þó vitað, að á báðum þeim stöðum er verulegt magn jarðhita fyrir hendi. Fullvíst er, að Krísuvíkursvæðið á eftir að skila mikilli gufu, þótt borun fyrstu þriggja holanna með gufubornum bæri ekki árangur.

Það liggur í hlutarins eðli, að við þær rannsóknarboranir, sem eiga eftir að fara fram víðs vegar um landið, mun sums staðar og e. t. v. allvíða um lítinn eða engan árangur verða að ræða. Hins vegar má vænta, að á einstökum stöðum verði árangur því betri, þannig að þjóðhagslega séð verði heildarútkoman af jarðhitaleit og jarðhitavinnslu hagkvæm. Á það verður að treysta ef halda á trúnni á mikilvægi þessarar orkulindar landsins. En vegna hinnar miklu óvissu um árangur jarðhitaleitar og borunar á hverjum stað og hins mikla kostnaðar, sem þær þó hafa í för með sér, verður varla komizt hjá því, að ríkið annist jarðhitaleit og rannsóknarboranir og taki á sig hluta hiunar fjárhagslegu áhættu, sem þeim fylgir. Skiptir einnig máli, að skipulagðar séu heildarrannsóknir um allt landið, en jarðhitaleit og rannsóknir ekki látnar ákveðast eingöngu af fjárhag og frumkvæði einstakra sveitarfélaga og einstaklinga.

Fara athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins hér á eftir.

Um 1. gr.

Á fjárlögum ársins 1961 eru veittar 6000000 krónur til jarðborana ríkisins og er hér reiknað með þeirri fjárveitingu sem stofnfé sjóðsins, en síðan verði fé veitt til hans árlega á fjárlögum. Til þess að nægilegt fé verði til þeirra borana, sem æski-

legt er að framkvæma, er gert ráð fyrir, að sjóðurinn taki lán til starfsemi sinnar. Starfsemi sjóðsins er með þeim hætti, að allmikill hluti af því fé, sem hann fær til umráða, verður að vera óendurkræft, en nokkurn hluta þess má ætla honum að endurgreiða jafnóðum og hann fær endurgreiddan leitar- og borunarkostnað.

Um 2. gr.

Kostnaður af vísindalegum rannsóknum á jarðhita hér á landi, annar en borunar-kostnaður, hefur til þessa verið hverfandi lítill á móti því fé, sem til sjálfra jarðborananna hefur farið. Svo mun og verða framvegis. En gæta þarf þess hins vegar að vanrækja ekki hina vísindalegu hlið þessara mála. Hér á landi eru öll skilyrði fyrir hendi til þess, að íslenzkir vísindamenn séu brautryðjendur á sviði jarðhitarrannsókna. Hafa alþjóðastofnanir þegar nokkrum sinnum leitað aðstoðar íslenzkra vísindamanna á þessu sviði. Aukin vísindaleg þekking á jarðhitnum mun og án efa spara töluvert í borunar- og vinnslukostnaði í framtíðinni.

Það er hlutverk jarðhitasjóðs að kosta jarðboranir ríkisins og að greiða það fé, sem ríkið leggur fram í bili á móti öðrum.

Um 3. gr.

Greinin fjallar fyrst og fremst um rannsóknarboranir, sem ríkið lætur framkvæma víðs vegar um landið að ráði sérfræðinga sinna til að komast að raun um, hvar vænta má að boranir eftir jarðhita muni bera árangur. Rannsóknarboranirnar ber að sjálfsögðu að framkvæma þar, sem helzt má vænta, að not geti orðið að þeim jarðhita, sem finnast kann við borunina. Hins vegar er eðlilegt að gera ráð fyrir, að rannsóknarborun ríkisins sé hætt á hverjum stað, þegar komizt hefur verið að niðurstöðu um það, hvort jarðhiti er fyrir hendi eða ekki, og aðrir taki þá við frekari borun, ef til hagnýtingar jarðhitans kemur, eða samið verði um borunina sérstaklega. Ef um er að ræða jarðhita, sem ríkið hefur sjálft umráðarétt yfir eða hefur í hyggju að notfæra sér, kemur að sjálfsögðu til sérstakrar ákvörðunar ráðherra í hvert sinn um framhald borana.

Um 4. gr.

Til þess er ætlazt, að jarðboranir ríkisins vinni einnig fyrir aðra, ef þess er óskað, en gegn fullu endurgjaldi. Vætanlega verður hér einkum um að ræða beiðnir frá sveitarfélögum, því að fáir einstaklingar munu hafa efni á því að láta bora fyrir sig, nema í mjög smáum stíl. Sveitarfélag getur óskað borunar af ýmsu tilefni. Getur verið um að ræða rannsóknarborun, þar sem hvorki ríki né aðrir hafa áður borað, framhald rannsóknarborana til að ganga betur úr skugga um, hvort nægilegt magn jarðhita sé fyrir hendi til að ráðast í vissar framkvæmdir, eða beinlínis borun til að afla heits vatns eða gufu til notkunar, sem þegar er ákveðin eða jafnvel þegar hafin. Meðan enn er aðeins um að ræða rannsóknarundirbúning að framkvæmdum til hagnýtingar jarðhitans, mun sveitarfélagi oft vera örðugt um fjárútleiðingunni til borana og því mikil þörf á að fá gjaldfrest á einhverjum hluta borkostnaðarins. Hins vegar er borunarkostnaður jafnaðarlega ekki nema mjög lítill hluti stofnkostnaðar þeirra mannvirkja, sem gera þarf til að hagnýta jarðhitann, og því vel hægt að ætlast til, að sveitarfélag greiði borkostnaðinn að fullu, þegar það hefur ákveðið að ráðast í framkvæmdirnar og aflað fjár til að hefja verkið.

Um 5. gr.

Ætlazt er til, að um stjórn og meðferð jarðhitasjóðs fari á sinn hátt eins og um raforkusjóð.